

## **Sþ. 661. Tillaga til þingsályktunar**

um gistihúsbyggingu í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að koma á stofn félagi til að reisa almenningsgistihús með allt að 150 herbergjum á góðum stað í Reykjavík.

### **Greinargerð.**

Fyrir Alþingishátíðina 1930 átti þáverandi ríkisstjórn nokkurn þátt í, að komið var upp eina viðunanlega gistihúsinu, sem til er í höfuðstaðnum. En þó að Hótel Borg bætti þá og bæti enn að verulegu leyti úr þörf ferðamanna, sem til bæjarins koma, þá er straumur innlendra og erlendra gesta orðinn miklu meiri en svo, að þetta eina gistihús hafi nema að litlu leyti undan aðsókninni. Innlendir ferðamenn, sem gista í Reykjavík um þessar mundir, eru í hinum mestu vandræðum. Þá vantar bæði þak yfir höfuðið og aðstöðu til að fá mat og drykk til daglegra þarfa. Aðkomumenn úr sveit og frá sjó, sem hingað koma, verða að leita á náðir einstakra manna og þá að vonum til frænda og kunningja. En eins og að líkum lætur, koma margir hingað, sem ekki eiga að vandamenn, sem opna hús sín fyrir þeim. Gest-risni fólks í Reykjavík hefur fram að þessu bjargað þúsundum manna, sem til bæj-arins koma, frá að liggja úti á götum höfuðstaðarins eða híma undir húsveggjum alla skammdegisnóttina.

En til lengdar er ekki hægt að búa við þetta ástand. Allur þorri aðkomumanna vildi langhelzt geta átt aðgang að sæmilegum gistihúsum, búið þar og heimsótt frændur og vini án þess að þurfa að þrengja sér inn á heimili, sem hafa venjulega litla aðstöðu til að taka á móti gestum.

Mál þetta snertir höfuðstaðinn og allt landið. Það er í eðli sínu stórt þjóðmál, og það verður ekki leyst nema með sameiginlegu átaki margra aðila.

Ég álit, ef tillaga þessi verður samþykkt, að ríkisstjórnin eigi að snúa sér til margra stofnana og félaga, sem telja má, að málið snerti beint og óbeint, svo og til einstakra manna, ekki sízt manna, sem framarlega standa í rekstri gistihúsa, og fá þessa aðila til að leysa vandann í sameiningu. Þær stofnanir, sem telja má sjálf-sagt að leita til, eru Reykjavíkurbær, Eimskipafélag Íslands, Búnaðarbankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, Sam-bandíð og Verzlunarráðið, Landssamband útvegsmanna, Sláturfélagið og Mjólkur-samsalan. Öll þessi fyrirtæki eru þar á vegi stödd, að þau geta stutt þetta mál og ættu að gera það vegna félagsmanna og viðskiptamanna.

Það er ósennilegt, að hægt verði að komast af með minna en 150 svefnherbergi. Þau ættu að vera mjög mismunandi að stærð og dýrleika. Í sumum beztu og nýjustu gistihúsum, sem reist voru í London fyrir stríðið, voru fánleg litil svefnherbergi fyrir 5 shillings, þó að önnur væru miklu dýrari.

Búnaðarbankinn á nú ágæta lóð fyrir nútímagistihús. Liggur hún að Kirkju-stræti milli Alþingishússins og Skjaldbreiðar. Er varla til betri staður í bænum. Forstöðumenn bankans munu hafa haft við orð á undangengnum mánuðum, að þeir vildu gjarnan, að þar yrði reist nýtt gistihús.